

Ed.

300. Frumvarp

til laga um varðskip ríkisins og sýslunarmenn á þeim.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Varðskipin skulu eiga heimili í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal vera á skipunum. Allir starfsmenn skipa þessara eru sýslunarmenn ríkisins og skulu slysatýggðir eftir svipuðum reglum og hliðstæðir starfsmenn á öðrum skipum ríkisins og skipum Eimskipafélags Íslands eru nú.

2. gr.

Skipherrar á varðskipunum eru löggæslumenn ríkisins á landhelgisvæðinu. Stýrimenn eru aðstoðarmenn þeirra við löggæsluna.

3. gr.

Skipherrar, stýrimenn, vjelstjórar og loftskéttamenn skulu skipaðir af ráðuneytinu. Það skipar og bryta og semur við hann um borgun fyrir fæði skipverja, þó ekki fyrir lengri tíma en eitt ár í senn.

Ráðuneytið getur hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, sjerhverjum sýslunarmanni á skipunum.

Um frávikning sýslunarmanna á varðskipunum, hvort heldur er um stundarsakir eða fyrir fult og alt, gilda sömu reglur og um aðra sýslunarmenn ríkisins.

4. gr.

Aðra sýslunarmenn en þá, er getur um í 3. gr., skipa skipherrar í umboði ráðuneytisins. Þó skulu kyndarar ávalt ráðnir í samráði við 1. vjelstjóra. Þessum mönnum geta skipherrar hvenær sem er vikið frá sýslan, um stundarsakir eða fyrir fult og alt, en skýra skal þá þegar ráðuneytinu frá málavöxtum.

Nú telur skipherra, sem staddur er á varðskipi utan Reykjavíkur, nauðsynlegt, að einhverjum þeirra starfsmanna, er ræðir um í 3. gr., sje þegar vikið frá sýslan, og má hann þá vikja sýslunarmanninum frá um stundarsakir, en skýra verður hann tafarlaust frá því ráðuneytinu, er síðan leggur úrskurð á málið.

5. gr.

Laun sýslunarmanna skulu ákveðin í launalögum. Skráning manna á skipin fyrir skráningarstjórum skal ekki fara fram.

Siglingatími sýslunarmanna á varðskipunum skal tekinn til greina

sem siglingatími skráðra manna á öðrum eimskipum sömu stærðar í utanlandssiglingum.

6. gr.

Sje sýslunarmanni vikið frá um stundarsakir, tekur hann ekki laun á meðan. Sje honum vikið frá fyrir fult og allt, og það er ekki gert vegna elli eða vanheilsu, ákveður ráðuneytið, hvort honum eftir atvikum skuli endurgoldin iðgjöld þau, er hann hefir greitt samkvæmt launalögunum í lífeyrisjóð embættismanna, eða ekki. Sýslunarmenn þessir, aðrir en skipherra, 1. stýrimaður og 1. vjelstjóri, fá að öðru leyti endurgreiðslu iðgjalda úr lífeyrisjóði eftir reglum laga nr. 51, 1921, 4. gr.

7. gr.

Ráðuneytið setur reglur um löggæslustarfið og um einkennisbúninga sýslunarmanna. Það getur og sett reglur um tilhögun alls á skipunum, eftir því, sem þurfa þykir.

8. gr.

Nú brýtur sýslunarmaður gegn skyldum sínum eftir reglum þeim, sem settar eru samkvæmt lögum þessum, eða að öðru leyti, og varðar það þá ábyrgð sem brot í embættisfærslu, nema brotið sje þannig vaxið, að ábyrgð varði samkvæmt siglingalögunum og eigi liggi þyngri hegning við því sem broti í embættisfærslu.

9. gr.

Lög þessi ná aðeins til þeirra varðskipa, sem eru eign ríkisins og ráðuneytið telur aðalvarðskip.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.